

Þess áskynja hinn 3. þ. m., að ökuskrifteinið hafði eigi verið tekið af kærða Kolbeini til bráðabirgða, gerði hann ráðstafanir til þess, að hann væri sviptur því samdægurs, og var það gert, eins og próf málsins bera með sér, og reyndist skirteinið í gildi. Strax og aðrar enn meira aðkallandi embættisannir leyfðu, lét dómariinn halda áfram rannsókn málsins með réttarhöldum þann 15., 16., 17. og 18. ágúst. Í dag var svo kveðinn upp dómur í málinu. Dómariinn telur því, að málið hafi verið rekið víðalaust, eftir að hann tók við því.

Því dæmist rétt vera :

Kærði Kolbeinn Stefánsson sæti varðhaldi í 15 daga.

Kærði Kristján Thorberg Tómasson greiði kr. 450,00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað sektarinnar 7 daga varðhald, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Kolbeinn Stefánsson skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. janúar 1950.

Kærumálið nr. 20/1949.

Ágúst Jónsson

gegn

Hannesi M. Þórðarsyni og Sigrúnu Jónsdóttur

Um nauðsyn sáttaumleitunar.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. nóv. f. á., er hingað barst 14. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. og 186. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 28. nóv. s.l., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum var ex officio vísað frá dómi.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs málflutnings af nýju og varnaraðiljum verði in solidum dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Dómkröfur í framangreindu bæjarþingsmáli eru einvörðungu þess eðlis, sem sóttar verða á varnarþingi samkvæmt 78. gr. laga nr. 85/1936. Eftir lögjöfnun frá 5. tölulið 5. gr. sömu laga er því nægilegt, að héraðsdómari leiti um sættir í málinu, eins og gert hefur verið. Ber því að ómerkja hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðiljum að greiða sóknaraðilja in solidum kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar af nýju.

Varnaraðiljar, Hannes M. Þórðarson og Sigrún Jónsdóttir, greiði in solidum sóknaraðilja, Ágústi Jónssyni, 300 krónur í kærumálskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. nóvember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Ágúst Jónsson, lögreglu- maður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. marz 1949 gegn Hannesi Merði Þórðarsyni kennara, Mánagötu 20, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefnda verði að við- lögðum dagsektum gert að afsala honum 2. hæð og rishæð hússins nr. 5 við Bólstaðahlíð hér í bæ, fokheldum, með skífu á þaki og rúðum í glugg- um, ásamt öllu, sem fylgir og fylgja ber, gegn greiðslu á kr. 135000.00, er greiðist þannig, að kr. 75000.00 greiðist út í hönd, kr. 25000.00, þegar steypu er lokið á hæðinni, kr. 25000.00, þegar þak er komið, og kr. 10000.00, þegar verkinu er lokið. *Til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 35000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1949 til greiðsludags. Í báðum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar.

Með stefnu útgefinni 20. júní s. l. höfðaði stefnandi einnig mál gegn Sigrúnu Jónsdóttur, Marargötu 6, hér í bænum, til þess að hún hlíti dóm- kröfu hans, sæti riftun á síðargreindum kaupum hennar við stefnda Hannes og greiði in solidum með honum málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins færði stefnandi fjárhæð varakröfu sinnar niður í kr. 25000.00.

Stefndu hafa bæði krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. janúar 1949 gerði stefnandi máls þessa kauptilboð í 2. hæð og rishæð hússins nr. 5 við Bólstaðahlíð, hér í bæ, fyrir kr. 130000.00, en stefndi Hannes var þá að byggja hús þetta. Var tilboð þetta gert í skrifstofu Haralds Guðmundssonar fasteignasala, er stefndi Hannes hafði veitt heimild til þess að bjóða þenna hluta fasteignarinnar til sölu. Með yfirlýsingu dags. 20. s. m. samþykkti stefndi Hannes framanritað tilboð með þeirri breytingu, að verðið yrði kr. 135000.00 og að greiðslu fjárens yrði hagað á þann hátt, er segir í aðaldómkröfu stefnanda. Með yfirlýsingu dagsettri 21. s. m. samþykkti stefnandi gagntilboð þetta. Sama dag átti fasteignasalinn símtal við stefnda Hannes og tjáði honum, að gagntilboðið hefði verið samþykkt, en stefndi Hannes kvaðst þá þegar hafa selt húshlutann öðrum, þar eð hann taldi, að gagntilboðinu yrði ekki sinnt. Hefur stefnandi ekki viljað una þessum málalokum og því höfðað mál þetta og haft uppi framangreindar dómkröfur. Sýknukröfu sína byggir stefndur Hannes á því, að hann hafi gefið gagntilboðið með þeim munnlega fyrirvara, að hann myndi sjálfur selja eignina, ætti hann þess kost. Auk þess telur hann sig hafa gefið gagntilboðið 19. janúar, og sé dagsetningin misrituð. Þar eð honum hafi ekki borizt neitt svar við gagntilboðinu á hádegi hinn 21. s. m., hafi hann selt í þeirri trú, að gagntilboðinu yrði ekki sinnt, þar eð það hafi átt að samþykkjast strax, eins og í því felist.

Dómkröfur stefnanda hafa eigi verið lagðar fyrir sáttamenn, enda þótt ekki hafi verið heimild til þess að ganga framhjá sáttamönnum skv. 5. gr. laga nr. 85 frá 1936. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefndu kr. 200.00 hvoru í málskostnað.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Stefnandi, Ágúst Jónsson, greiði stefnda, Hannesi Merði Þórðarsyni, kr. 200.00 í málskostnað. Þá greiði hann og stefndu, Sigrúnu Jónsdóttur, kr. 200.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.